



Ársskýrsla 2013

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Saga, hlutverk og markmið	3
Hlutverk Birtu	4
Markmið	4
Stjórn og stjórnarfundir	5
Stjórnarfundir	6
Starfsfólk, endurmenntun og námskeið	6
Endurmenntun og námskeið:	6
Samstarfsaðilar	6
Samstarf við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar	7
Starfið hjá Birtu á vorönn 2013	7
Þátttakendur	7
Námskeið í boði á vorönn 2013	8
Líkamsþjálfun:	8
Einstaklingsmiðuð námskeið:	8
Nám:	8
Einstaklingsmiðuð ráðgjöf og stuðningur:	9
Sumarið:	9
Starfið hjá Birtu á haustönn 2013	9
Þátttakendur	9
Námskeið í boði á haustönn 2013	11
Líkamsþjálfun:	11
Einstaklingsmiðuð námskeið:	11
Nám:	12
Einstaklingsmiðuð ráðgjöf og stuðningur:	12
Brottfall á árinu 2013:	12
Atvinnulína	12
Innihald atvinnulínu	13
Fjöldi þátttakenda á atvinnulínu:	14
Starfskynningar á atvinnulínu:	14
Annáll ársins:	14
Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga	15
Árangur þátttakenda á árinu 2013	16
Lokaorð	17

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Birtu, Starfsendurhæfingar Suðurlands á árinu 2013. Í skýrslunni verður farið sögu, hlutverk og markmið Birtu. Farið verður yfir starfið á árinu, þátttakendur og innihald endurhæfingar. Einnig verður fjallað um samstarf við fagaðila og þjónustustofnanir og mat á árangri.

Saga, hlutverk og markmið

Birta, starfsendurhæfing á Suðurlandi, er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var þann 19. maí 2009. Birta starfar að fyrirmynd annarra landshlutatengdra starfsendurhæfingarstöðva. Starfsendurhæfing Norðurlands var fyrsta starfsendurhæfingarstöðin á Íslandi og hóf hún starfsemi árið 2003. Í kjölfarið voru stofnaðar starfsendurhæfingarstöðvar í öðrum landshlutum. Starfsendurhæfingarstöðvar eru nú starfræktar á Norðurlandi, Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurnesjum, Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum.

Að stofnun Birtu komu sveitarfélög á Suðurlandi, fjölmargar stofnanir, stéttarfélög, lífeyrissjóðir og félagasamtök. Stofnaðilar Birtu eru; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Rangárþing ytra, Sveitarfélagið Ölfus, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsustofnun NLFÍ, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi, Vinnumálastofnun á Suðurlandi, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands, Stéttarfélagið Báran, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélagið FOSS, Verslunarmannafélag Suðurlands, Félag iðn- og tæknigreina, Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga og Árnesingadeild Rauða Kross Íslands. Fjöldi stofnaðila endurspeglar þann mikla áhuga og samvinnu sem ríkti milli aðila við að koma á fót starfsendurhæfingarúrræði á Suðurlandi.

Við upphaf starfseminnar var gerður tilraunasamningur við Velferðarráðuneytið um tuttugu atvinnutengd endurhæfingarpláss á vorönn 2010. Þann 1. febrúar 2010 hóf Sandra Guðmundsdóttir félagsráðgjafi störf hjá Birtu en hún hafði áður starfað sem verkefnastjóri með stjórn Birtu. Þann 1. mars byrjaði fyrsti hópurinn í starfsendurhæfingu. Á fyrstu önninni voru alls 18 þátttakendur í starfsendurhæfingu og á fyrsta árinu alls 30 einstaklingar. Á haustönn 2011 fjölgaði plássum hjá Birtu úr tuttugu í þrjátíu. Með þeirri aukningu var reksturinn betur tryggður og hægt að þjónusta fleiri einstaklinga. Á árunum 2009-2010 var Birta með starfsaðstöðu hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Eyravegi 25 á Selfossi. Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna í janúar 2011 fékk Birta starfsaðstöðu hjá sveitarfélaginu

Árborg í gamla leikskólanum Ásheimum á Austurvegi 36. Í því húsi var jafnframt „Smiðjan“, miðstöð fyrir fólk án atvinnu, auk þess sem bifhjólasamtökin Postularnir og Myndlistafélag Suðurlands voru þar með aðstöðu. Starfsemi Birtu var á Austurvegi 36 út árið 2011 og flutti svo í janúar 2012 á Bankaveg í gamla Sandvíkurskóla sem stóð til að yrði breytt í þekkingarmiðstöð síðar á árinu. Skrifstofa Birtu var í þeim hluta hússins sem áður var aðstaða fyrir kennara. Auk Birtu voru náms- og starfsráðgjafar Fræðslunets Suðurlands þar með skrifstofur. Kennsla Birtu á vorönn 2012 fór fram í einni kennslustofu sem notuð var í húsinu ásamt Fræðsluneti Suðurlands og á gömlu kennarastofunni. Þátttakendur í Birtu voru ánægðir með að starf Birtu og skrifstofur voru nú að mestu í sama húsnæði. Á vormánuðum 2012 hófust framkvæmdir í húsinu. Starfsfólk og þátttakendur Birtu sýndu framkvæmdunum þolinmæði þrátt fyrir að oft væri mikill hávaði í húsinu, enda von á mun betri aðstöðu þegar framkvæmdum lyki og tekið yrði í notkun ný og betri aðstaða. Í nóvember þurfti að rýma þann hluta sem Birta hafði nýtt vegna framkvæmda. Skrifstofa Birtu flutti í kennslustofu 201 og kennsla fór fram í stofu 205 en framkvæmdum á þeim gangi var lokið í bili. Gengið var inn um útgang sem snýr út að Bankavegi meðan framkvæmdir fóru fram við aðalinngang hússins. Í lok desember voru skrifstofur á neðri hæð tilbúnar og fluttu starfsmenn þá inn í sitthvora skrifstofuna en höfðu fram til þessa deilt skrifstofu. Frá og með janúar 2013 var framkvæmdum að mestu lokið og þær stofnanir sem höfðu ákveðið að flytja í húsið fluttu inn. Árið 2013 var síðasta árið sem Birta var með pláss samkvæmt samningi við ríkið. Um áramótin 2013 og 2014 fóru þeir einstaklingar sem ekki höfðu lokið endurhæfingu yfir í Virk kerfið.

Hlutverk Birtu

Hlutverk Birtu er að bjóða upp á heildstæða starfsendurhæfingu einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og/eða félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn. Þátttakendur eru einstaklingar sem eru með endurhæfingar- eða örorkulífeyri, atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi eða sjúkradagpeninga frá stéttarfélagi.

Markmið

Markmið Birtu eru eftirfarandi:

- Að endurhæfa þátttakendur til vinnu.
- Að auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra.
- Að þátttakandi verði virkur í samfélaginu að endurhæfingu lokinni, s.s. við vinnu, nám eða önnur verkefni.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Markmiðið er að veita heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er hverju sinni. Áhersla er lögð á félagslega og sálræna endurhæfingu, heilsufarslega endurhæfingu og náms- og starfstengda endurhæfingu í samvinnu við stofnanir og þjónustuaðila á svæðinu. Þátttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar.

Endurhæfingin er einstaklingsbundin og tekur mið af þörfum einstaklingsins. Birta býður upp á fjölbreytt námskeið á hverri önn sem ætlað er að vera uppbyggjandi og hvetjandi. Þá hafa einstaklingar einnig kost á að fara á námskeið sem þykja auka hæfni viðkomandi til að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Birtu er kjörin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum stofnfélaga og fimm til vara. Þrír stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára og tveir til eins árs. Á ársfundi 2013 urðu fyrstu breytingar á stjórn Birtu en Ásmundur Sverrir Pálsson og Már Guðnason hættu. Anna Margrét Magnúsdóttir hafði verið kjörin inn í stjórn fyrir hönd Rauða Krossins en hún hafði látið af störfum á tímabilinu. María Kristjánsdóttir og Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir gáfu kost á sér áfram og ný komu Ragnheiður Hergeirsdóttir, Anna Margrét Guðmundsdóttir og Gils Einarsson. María og Guðný voru kosnar til eins árs og aðrir til tveggja ára.

Formaður:

Ragnheiður Hergeirsdóttir, Vinnumálastofnun.

Varamaður: Olga Lísu Garðarsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Ritari og varaformaður:

Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir, Festa lífeyrissjóður.

Varamaður: Þröstur Sigurðsson, Lífeyrissjóði Rangæinga.

Meðstjórnendur:

Anna Margrét Guðmundsdóttir, Heilsustofnun NLFÍ.

Varamaður: Árný Erla Bjarnadóttir, FOSS stéttarfélagi.

Gils Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurlands.

Varamaður: Þór Hreinsson, Bárunni stéttarfélagi.

María Kristjánsdóttir, Hveragerðisbær.

Varamaður: Anný Ingimarsdóttir, sveitarfélaginu Árborg.

Stjórnarfundir

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á starfsárinu. Helstu mál á dagskrá fundanna voru; starfsemi Fjölheima og húsakynni Birtu voru skoðuð, fjallað var um starfið hjá Birtu, fjárhagsáætlanir, fjárhagsstaða og fjármögnun rædd, samningagerð við Virk starfsendurhæfingarsjóð, þróun á starfseminni og endurhæfingarleiðum í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á fjármögnun starfseminnar. Ný leið hjá Birtu var kynnt, atvinnulína að fyrirmynd frá Starfsendurhæfingu Norðurlands.

Starfsfólk, endurmenntun og námskeið

Fastir starfsmenn Birtu þetta starfsár voru:

- Sandra Guðmundsdóttir, forstöðumaður í 100% starfshlutfalli.
- Elísabet Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í 60% starfshlutfalli.
- Kristín Bragadóttir, sálfræðingur í 30% starfshlutfalli við kennslu og sálfræðiviðtöl.

Endurmenntun og námskeið:

Batamiðuð meðferð: Batastefna og starfsmaðurinn. Námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Bæði Sandra og Elísabet sóttu námskeiðið.

Námskeið í EMDR áfallameðferð, fyrri hluti. Kristín Bragadóttir fékk styrk vegna námskeiðsins.

Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar Birtu voru; Fræðslunet Suðurlands, Fjármálaþjónustan, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Viss vinnu- og hæfingarstöð, Sportstöðin, Lifandi hús auk ýmissa fyrirtækja og stofnana sem hafa boðið Birtu í heimsókn og/eða boðið einstaklingi í starfsprófun. Þá höfum við verið í samstarfi við Sportstöðina og Lifandi hús vegna líkamsræktar þátttakenda.

Samstarf við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar

Haustfundur starfsendurhæfingarstöðva var haldinn á Selfossi haustið 2013 í samvinnu Birtu og Starfsorku í Vestmannaeyjum. Fundurinn stóð yfir í tvo daga. Á fundinn komu forstöðumenn starfsendurhæfingarstöðva á landsbyggðinni sem starfa skv. Byr hugmyndafræðinni, seinni daginn bættust fleiri starfsmenn við. Auk þess að ræða málefni tengd starfsendurhæfingarstöðvunum var farið í heimsókn á VISS og Heilsustofnun NLFÍ.

Starfið hjá Birtu á vorönn 2013

Þátttakendur

Á vorönn 2013 voru um 29 manns í endurhæfingu í hverjum mánuði í ríkisplássunum. Til viðbótar voru tveir til þrír frá Virk. Tuttugu konur voru skráðar og 13 karlmenn. Elsti þátttakandinn var fæddur 1964 og því 49 ára og sá yngsti 1995 og þá 18 ára. Flestir voru fæddir á árunum 1990 – 1995, og voru því á aldrinum 18-23 ára, eða 14 þátttakendur.

Samstarfið við Virk var í þróun og var byrjað að taka inn fólk eftir því sem tilvísanir bárust. Einnig var byrjað að þjónusta Virk með einstaklinga í líkamsrækt með stuðningi íþróttafræðings. Níu einstaklingar hófu endurhæfingu í janúar 2013 og samþykkti ríkið að greiða fyrir þá einstaklinga út árið. Þrír frá Virk hófu endurhæfingu á vorönn. Alls byrjuðu 12 nýir á vorönn. Tólf einstaklingar voru á annarri önn, einn á þriðju og fimm voru á fjórðu önn. Alls voru 33 einstaklingar í þjónustu á vorönn. Í töflu eitt má sjá hvar búseta þátttakenda var.

Tafla 1. Búseta þátttakenda við tilvísun á vorönn 2013

Selfossi	21
Hveragerði	3
Ölfusi	1
Árnesþing	1
Stokkseyri	2
Eyrbakki	3
Annars staðar	2

Námskeið í boði á vorönn 2013

Fjölbreytt námskeið voru í boði á vorönn. Starfsfólk Birtu hélt utan um og kenndi á nokkrum námskeiðum en önnur voru aðkeypt.

- Að eflast í starf – Umsjón Sandra Guðmundsdóttir.
- Hamingjan er hér – Umsjón Sandra Guðmundsdóttir.
- Hópfundir og fræðsla, vikulega. Elísabet Kristjánsdóttir og Sandra Guðmundsdóttir.
- Heilsutengd fræðsla – Umsjón Elísabet Kristjánsdóttir.
- Bætt andleg líðan (sjálfsstyrking og HAM) – Umsjón Kristín Bragadóttir.
- Glerlist hjá Hendur í Höfn, Þorlákshöfn – Dagný Magnúsdóttir.
- Holt og gott matreiðslunámskeið – Umsjón Guðríður Egilsdóttir matreiðslukennari.
- Framsögn og tjáning – Umsjón Þóra Þórarinsdóttir kennari.

Líkamsþjálfun:

- Líkamsrækt í tækjasal tvisvar sinnum í viku – Elísabet Kristjánsdóttir.
- Ganga vikulega. – Elísabet Kristjánsdóttir.
- Boðið var upp á vikulega vigtun fyrir þá sem vildu aðhald – Elísabet Kristjánsdóttir.
- Nokkrir einstaklingar fengu styrki til annarrar líkamsræktar.

Einstaklingsmiðuð námskeið:

- Skrautskrift – einn einstaklingur.
- Upplýsingatækni og samskipti – fimm einstaklingar.
- Umhverfissmiðja – einn einstaklingur (lauk ekki námskeiðinu).
- Lestur og ritun – tveir einstaklingar.
- Tölvur II – einn einstaklingur.
- Excel og word – einn einstaklingur.
- Vinnuvélanámskeið – tveir einstaklingar.
- Textíl námskeið – einn einstaklingur.

Nám:

- Fjölbrautaskóli Suðurlands – sex einstaklingar voru skráðir, brottfall var 50%.
- Sumarskóli - einn einstaklingur (lauk námi).
- Menntastoðir – einn einstaklingur (hætti námi).

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf og stuðningur:

- Náms- og starfsráðgjöf hjá Fræðslunetinu - átta einstaklingar nýtt sér hana.
- Sálfræðiviðtöl - tuttugu og þrír einstaklingar nýttu sér þau.
- Fjármálaráðgjöf – þrettán einstaklingar nýttu sér hana.

Auk þess veittu ráðgjafar Birtu heilsufarslega ráðgjöf og félagslega ráðgjöf til þeirra sem óskuðu eftir.

Sumarið:

- Áhersla á meiri útiveru, ganga, keppni í kubb, körfubolti o.fl.
- Heimsóknir í fyrirtæki (að eflast í starf).
- Framsögn og tjáning.
- Birtu race (ratleikur og keppni í liðum).
- Sumarhátíð – fórum á Kaffi Krús í þetta skiptið.
- Göngur í Þrastaskógi, Laugarvatni.
- Heiðar snyrtir kom í heimsókn.
- Sumarkaffi.

Myndir 1 og 2. Hér má sjá þátttakendur ásamt ráðgjöfum keppa í Kubb.



Starfið hjá Birtu á haustönn 2013

Þátttakendur

Á haustönn voru 25-28 manns í endurhæfingu í hverjum mánuði. Alls voru 30 einstaklingar í þjónustu á haustönn. 21 kona og 9 karlar. Þátttakendur voru fæddir á árunum 1965-1995, eða á aldrinum 18-48 ára. Flestir voru fæddir á árunum 1990-1995 eða á aldrinum 18 – 23 ára, alls

17 einstaklingar. Virk vísaði alls 13 einstaklingum á grunnlínu til Birtu á haustönn, af þeim hættu þrír eftir 1-2 mánuði. Til viðbótar vísaði Virk 6 manns í hreyfingu með stuðningi íþróttafræðings. Í töflu 2 má sjá hvernig búseta þátttakenda skiptist.

Tafla 2. Búseta þátttakenda á haustönn 2013

Selfossi	18
Stokkseyri	4
Eyrarbakki	1
Hveragerði	3
Uppsveitir	1
Rangárvallasýsla	3

30

Eins og sjá má í töflunni búa flestir þátttakendur á Selfossi. Í töflu þrjú má sjá fjölda þátttakenda eftir mánuðum frá Virk og ríkinu. Fyrirkomulagið varðandi ríkissamningana var þannig að rukkað var fyrir 8 mánuði á ári, fjóra á hvorri önn. Byrjað var að skrá einstaklingana frá Virk með breyttum hætti eftir mánuðum frá og með hausti 2013. Í töflu þrjú má sjá fjölda þátttakenda frá Virk og ríkinu eftir mánuðum á haustönn 2013.

Tafla 3. Fjöldi þátttakenda frá Virk og ríkinu eftir mánuðum á haustönn 2013.

	September	Október	Nóvember	Desember
Grunnlína	7	7	10	9
Stuðningur v/náms	1	1	1	1
Samtals Virk	8	8	11	10
Ríkispláss	17	17	17	17
Alls samtals	25	25	28	27

Eins og sjá má má á töflunni var aðeins fækkun á þátttakendum í september og október en þeim fjölgaði eru leið á endurhæfinguna og voru flestir skráðir í nóvember. Er fækkunin í september og október um 17%. Eðlilegt var þó að breyting yrði á fjölda þátttakenda með tilkomu samstarfsins við Virk og var erfitt að spá fyrir um hver eftirspurnin yrði og hvernig þróunin yrði. Fjölgun tilvísana er leið á önnina sýndi þó að eftirspurn var eftir þjónustunni. Inn í þessum tölum eru þó ekki þeir sem voru á þessum tíma eingöngu skráðir í líkamsrækt með stuðningi,

en sú þjónusta var í breyttu formi í þjónustusamningnum og var byrjað að telja þá einstaklinga meðsem þjónustunotendur á árinu 2014.

Námskeið í boði á haustönn 2013

Sem fyrr hélt starfsfólk Birtu utan um og kenndi á nokkrum námskeiðum en önnur voru aðkeypt.

- Að eflast í starf – Umsjón Sandra Guðmundsdóttir.
- Hópfundir og fræðsla, vikulega. Elísabet Kristjánsdóttir og Sandra Guðmundsdóttir.
- Heilsutengd fræðsla – Umsjón Elísabet Kristjánsdóttir.
- Bætt andleg líðan (sjálfsstyrking og HAM) – Umsjón Kristín Bragadóttir.
- Glerlist hjá Hendur í Höfn, Þorlákshöfn – Dagný Magnúsdóttir.
- ADHD / Í fókus, markþjálfun – Sigríður Jónsdóttir markþjálf.
- Úr frestun í framkvæmd – Sigríður Jónsdóttir markþjálf.
- Ferilskrárgerð – Eydís Katla Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi.
- Framsögn og tjáning – Þóra Þórarinsdóttir kennari.
- Þeir geta sem trúa að þeir geti - Kristín Grímsdóttir.

Líkamsþjálfun:

- Líkamsrækt í tækjasal tvisvar sinnum í viku – Elísabet Kristjánsdóttir.
- Ganga vikulega. – Elísabet Kristjánsdóttir.
- Boðið var upp á vikulega vigtun fyrir þá sem vildu aðhald – Elísabet Kristjánsdóttir.
- Einn einstaklingur fékk styrk til annarrar líkamsræktar.

Einstaklingsmiðuð námskeið:

- Fjármálanámskeið í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og Fjármálaþjónustuna. – 9 einstaklingar.
- Excel og vord – einn einstaklingur.
- Grunnmenntaskóli – einn einstaklingur.
- Skrautskrift, framhald – einn einstaklingur.
- Leður – skinn og skart – einn einstaklingur.
- Karlmenn elda – fjórir einstaklingar.
- Reiðkennsla – einn einstaklingur.
- Málsmíði – einn einstaklingur.

Nám:

- Fjölbautaskóli Suðurlands – Sjö einstaklingar (tveir hættu).
- Löggildur bókari – einn einstaklingur (náði).

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf og stuðningur:

- Náms- og starfsráðgjöf hjá Fræðslunetinu - þrír einstaklingar.
- Sálfræðiviðtöl – Ellefu einstaklingar nýttu sér sálfræðiviðtöl í gegnum Birtu.
- Fjármálaráðgjöf – tveir einstaklingar.
- Kiropraktor – einn einstaklingur.
- Ráðgjöf hjá Drekaslóð – einn einstaklingur.

Auk þess veittu ráðgjafar Birtu heilsufarslega ráðgjöf og félagslega ráðgjöf til þeirra sem óskuðu eftir því.

Mynd 3. Hér má sjá mynd sem tekin var í göngu út í Hellisskóg haustið 2013.



Brottfall á árinu 2013:

Af þeim níu sem hófu sína endurhæfingu í upphafi ársins héldu sex áfram á haustönn. Af þessum þremur sem hættu eftir vorönnina flutti einn vegna fjölskylduaðstæðna, einn fór í vinnu (var öryrki við upphaf starfsendurhæfingar) og einn hætti þar sem úrræðið hentaði ekki (viðkomandi var með asperger). Af þeim sem voru lengra komnir í endurhæfingunni hættu fimm. Þar af fluttu fjórir af svæðinu, tveir af þeim héldu áfram í endurhæfingu, annar hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og hinn í gegnum Virk. Alls hættu 8 af 32 einstaklingum eftir vorönnina, eða 25% þátttakenda og 3 af 30 einstaklingum á haustönn, eða 10% þátttakenda.

Atvinnulína

Birta fór af stað með 12 vikna atvinnulínu um mánaðarmótin október – nóvember 2013 sem lauk í janúarlök 2014. Atvinnulínan var að fyrirmynd atvinnulínu frá Starfsendurhæfingu

Norðurlands og var Annette Mønster ráðin tímabundið sem verkefnastjóri atvinnulínu en hún starfaði áður hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands. Markmiðið var að bjóða upp á stutta línu sem hentaði þeim sem hafa verið frá vinnumarkaði um tíma og eru ekki með alvarlegan heilsubrest. Áhersla var á fjölbreytt úrræði sem gæfi einstaklingum tækifæri á að komast í virkni, hitta aðra einstaklinga í sömu sporum, bæta heilsu og líðan og kynnast vinnumarkaðinum á svæðinu. Þátttakendur fengu hvatningu um að vera virkir í atvinnuleit á tímabilinu og stuðning og ráðgjöf þar um. Unnið var með persónulega færni einstaklinga og starfsgetu á einstaklingsmiðaðan hátt. Allir þátttakendur fóru í starfsþjálfun í að lágmarki eina vinnuviku á tímabilinu.

Innihald atvinnulínu

- Hópfeli, hópfundir og fræðsla í hverri viku.
- Tilbreyting annað slagið, t.d. farið á söfn og haft gaman saman.
- Ýmis konar fræðsla, m.a. um:
 - Réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
 - Samskipti og að leysa ágreining.
 - Vinnuvistfræði.
 - Atvinnuviðtal og atvinnuleit.
 - Lífsstíll - Heilsa.
 - Bætt andleg líðan og sjálfsstyrking.
 - Fjármálafræðsla.
- Markmiðasetning.
- Færnimappa.
- Ferilskrá.
- Framkoma og tjáning.
- Heimsóknir á söfn í nágrenninu.

Líkamsrækt:

- Þjálfun í tækjasal tvisvar í viku.
- Ganga og þjálfun einu sinni í viku.

Tenging við vinnumarkaðinn:

- Heimsóknir á vinnustaði.
- Heimsóknir til hópsins úr atvinnulífinu og frá opinberum stofnunum.

- Starfskynning í eina vinnuviku í 4 klst. í senn að lágmarki, út frá áhuga og getu.

Önnur ráðgjöf og stuðningur:

- Einstaklingsráðgjöf reglulega á tímabilinu.
- Félagsleg ráðgjöf eftir þörfum.
- Ráðgjöf frá íþrótt- og heilsufræðingi.

Fjöldi þátttakenda á atvinnulínu:

Fjöldi einstaklinga sem byrjaði voru þrettán. Sjö konur og sex karlar. Fædd á árunum 1993-1968 og því á aldrinum 20-45 ára. Tveir af þeim voru fyrir í Birtu (ein á 2. önn og einn á 3. önn). Fimm komu frá Virk (þrír hættu, þar af fór einn yfir á grunnlínu og ein á heilsulínu). Sex komu frá VMST. Fimm tilvísanir bárust til viðbótar frá VMST. Hjá tveimur strandaði það að geta tekið þátt á akstri en það er eitthvað sem við þurfum að skoða betur næst því sveitarfélög hafa verið að styrkja fólk um aksturinn. Einn af þessum fimm fékk vinnu áður en línan byrjaði. Einn kom á kynningarfund en mætti ekki meir og ein mætti aldrei.

Starfskynningar á atvinnulínu:

Þátttakendur fóru í starfskynningar í eina viku á tímabilinu (vika 5, í lok nóvember). Fyrirtæki sem þau fóru í voru: Suðurlandsskógar, Jötunn vélar, Viss vinnu og hæfingarstöð, sambýlið Vallholti 9, Rúmfatalagerinn, Kjörís, Upplýsingamiðstöðin í Hveragerði, móttakan í Fjölheimum og Prentmet. Hjá flestum gekk vel og mætingar voru góðar. Ein lenti í því að vera með veikt barn og gat lítið mætt og einn varð sjálfur veikur. Tveir fengu vinnu í kjölfarið á starfskynningunum. Einn hjá Jötunn vélum og ein fékk vinnu á sambýli eftir að hafa farið á VISS.

Annáll ársins:

Árið 2013 er fyrsta starfsár Birtu í Fjölheimum. Ný og betri aðstaða bauð upp á fleiri möguleika eins og t.d. kennslueldhúsið og verkmenntastofan. Það kom strax í ljós þegar byrjað var að nota kennslueldhúsið hversu vel það nýttist í hópefli og þjálfun. Þar reynir á samskipti og samvinnu. Hjá mörgum hafa komið í ljós miklir hæfileikar í eldamennsku og sumir hafa reynslu af starfi í eldhúsi sem þeir fá tækifæri til að rifja upp. Boðið var upp á matreiðslunámskeið með matreiðslukennara og einnig hafa ráðgjafar Birtu verið með eldhústíma í hópefli. Á vorönninni fengum við Heiðar snyrti til að koma tvisvar sinnum og ræða við hópinn um snyrtimennsku og framkomu, það þótti mjög skemmtilegt og var gaman að sjá hversu margir klæddu sig upp og lögðu sig fram um að vera snyrtilegir í þeim tíma. Þegar leið á vorið og sumarið færðist starfið

meira út, veðrið var þó ekki neitt til að gleðjast yfir þetta sumarið. Í maí var hið árlega Birtu race haldið en þá keppa þátttakendur í liðum og þurfa vægast sagt að fara út fyrir þægindarammann sinn. Í lok keppninnar borða þátttakendur svo saman. Á vorönn var fjármálavinna markvisst tekin inn í endurhæfinguna, boðið var upp á fjármálaráðgjöf og farið í samstarf við Fjármálaþjónustuna og Fræðslunet Suðurlands um að haldið yrði fjármálanámskeið á hverri önn sem Birta og Virk gætu nýtt sameiginlega fyrir skjólstæðinga sína. Fyrsta sameiginlega fjármálanámskeiðið var haldið haustið 2013. Lokað var í júlí og byrjaði starfið aftur eftir verslunarmannahelgi. Aðeins færri þátttakendur voru skráðir við upphaf annar í ágúst en á fyrri önnum þegar þau 30 pláss sem samningur var um við ríkið voru yfirleitt fullnýtt. Var það vegna breytts forms á tilvísunum en engir nýir voru teknir inn í ríkispláss á haustönn og fóru nú allar tilvísanir í gegnum Virk. Ekki var því lengur hægt að vísa einstaklingum beint til Birtu heldur þurfti að vísa öllum í þjónustu til Virk en það ferli er tímafrekara þar sem einstaklingar fara í gegnum grunnmat sem tekur nokkur viðtöl áður en tekin er ákvörðun um hvaða úrræði hentar viðkomandi einstaklingi. Í heildina séð var þó ekki mikil fækkun, fæstir voru í ágúst og september en fjöldinn jókst er leið á önnina.

Mynd 4. Hér má sjá þátttakendur í árlegu „Birtu race“, sem haldið er í maí ár hvert.

Þátttakendur eiga að leysa hinar ýmsu þrautir og taka myndir af sér við að leysa þær.



Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga

Til að meta árangur er helst skoðað hvernig líðan, heilsa og staða einstaklinganna breytist við endurhæfingu. Í upphafi endurhæfingar hjá einstaklingum í ríkisplássunum er tekið frumgreiningarviðtal sem byggir á skimunarlistunum Skimun I og II og Grunnmat. Þeir gefa vísbendingar um hvaða vanda einstaklingar eru að glíma, hvernig heilsa þeirra er og staða við

upphaf endurhæfingar. Í lok frumgreiningarviðtalsins eru gerð markmið með endurhæfingunni og endurhæfingaráætlun. Lagður er fyrir einstaklinga listinn Heilsutengd lífsgæði og í sumum tilvikum ASEBA listi. Listarnir eru síðan lagðir fyrir aftur og er þá hægt að bera niðurstöðurnar saman og meta árangur. Þeim einstaklingum sem koma frá Virk fylgir grunnmat og í sumum tilvikum endurhæfingaráætlun ef hún hefur verið gerð. Það er því ekki þörf á að safna saman eins miklum upplýsingum heldur lögð áhersla á þann vanda sem einstaklingarnir eru að glíma við og hvernig verður unnið með hann í endurhæfingunni.

Tölulegum upplýsingum er safnað saman á hverri önn um hversu margir eru í endurhæfingunni, kynjahlutfall, aldurssamsetning, búseta einstaklinganna o.fl. Einnig er tekið saman hversu margir stunda nám samhliða endurhæfingunni, sækja námskeið o.fl. Óumdeilanlega er þó skortur á kerfi til að halda utan um upplýsingar og taka út og þarf því að telja allar upplýsingar saman handvirkt úr excel. Vonandi verður hægt að bæta úr því svo betur verið hægt að meta árangurinn af starfinu.

Árangur þátttakenda á árinu 2013

Alls voru 44 einstaklingar í endurhæfingu á árinu 2013. Af þeim héldu 12 áfram í endurhæfingu á árinu 2014. Þrjátíu og tveir einstaklingar hættu því eða útskrifuðust á árinu. Í töflu 4 má sjá afdrif þátttakenda á árinu.

Tafla 4. Afdrif þátttakenda á árinu 2013.

Kláruðu ekki endurhæfinguna	15
Fóru í fullt starf	2
Héldu áfram í námi	3
Höfðu verið á örorku en fóru í hlutastarf	2
Fóru í örorkumat að lokinni endurhæfingu	4
Héldu áfram í annarri endurhæfingu	3
Fóru í örorkumat og hlutastarf	1
Fóru í atvinnuleit	2
	32

Eins og sjá má í töflunni fóru sjö einstaklingar í fullt starf, hlutastarf eða atvinnuleit við lok endurhæfingar. Tveir héldu áfram í námi. Fjórir einstaklingar fóru í örorkumat að lokinni endurhæfingu og fengu þrír samþykkt 75% örorku og einn var metinn til 50% örorku. Nokkuð stór hluti kláraði ekki endurhæfinguna og voru ástæðurnar margvíslegar, m.a. vegna flutninga, neysluvanda, mikilla veikinda og skorts á hvata til endurhæfingar.

Sex einstaklingar voru á örorku við upphaf endurhæfingar. Í töflu 5 má sjá afdrif þeirra við lok endurhæfingar.

Tafla 5. Afdrif þátttakenda sem voru á örorku við upphaf endurhæfingar.

Fullt starf	1
Hlutastarf	2
Hélt áfram í námi	1
Hættu	2
Samtals	6

Eins og sjá má fór einn einstaklingur í fullt starf, tveir fóru í hlutastarf og einn hélt áfram í námi. Tveir hættu. Verður þetta að teljast nokkuð góður árangur hjá einstaklingum sem voru þegar á örorku.

Lokaorð

Árið 2013 var viðburðaríkt í starfi Birtu eins og fyrri ár. Þetta var síðasta árið sem Birta var með samning við ríkið um pláss og því einkenndist árið að miklu leyti af þróun á starfinu og aðlögun að nýju kerfi í samstarfi við Virk starfsendurhæfingarsjóð. Á haustönn var unnið að því að þróa línur til að geta þjónustað Virk með fjölbreyttar leiðir í endurhæfingu sem hentað gætu ólíkum hópi fólks sem nýtir sér þjónustu Virk. Skrifað var undir nýjan þjónustusamning í desember 2013 en hann gildi frá 1. september 2013. Farið var af stað með nýja atvinnulínu og var árangurinn af henni góður. Ákveðið var að halda áfram með þróun atvinnulínu og auka starfstenginguna. Samstarf Birtu við Virk ráðgjafana á Suðurlandi hefur verið mjög gott og í góðri þróun á árinu. Haldnir hafa verið reglulegir samráðsfundir. Ein helsta breytingin á tilvísanaforminu er sú að Virk sendir beiðnir fyrir einstaklinga, gjarnan til 3. ja mánaða í senn og gerir kröfur til reglulegs stöðumats á starfsendurhæfingu einstaklinga. Áður voru fleiri sem gátu vísað einstaklingum og eins gátu þeir sótt um sjálfir. Miðað var við þrjár annir í starfsendurhæfingu áður. Skrifræði í kringum hvern einstakling hefur því aukist til muna. Til viðbótar við greinargerðir til Virk þarf svo að skila greinargerðum til TR vegna einstaklinga sem eru á endurhæfingarlífeyri. Það fer því aukinn tími hjá ráðgjöfum í ýmis konar greinargerðar- og skýrsluskrif. Ótvíráður kostur við samstarfið við Virk er aðgangur að sérfræðingum sem starfa fyrir Virk en m.a. er hægt að vísa einstaklingum í sérhæft mat og starfsgetumat til að fá betra mat á áherslur í endurhæfingu eða hvort endurhæfing sé yfir höfuð raunhæf. Mikil þróun hefur verið í starfsendurhæfingu á síðastliðnum árum. Birta hefur starfað

frá árinu 2010 og hefur á þessum tíma myndast þó nokkur reynsla af starfinu. Hægt er að meta árangur út frá nokkrum þáttum, m.a. hversu margir skila sér út á vinnumarkaðinn eða halda áfram í námi en einnig er hægt að skoða hvernig lífsgæði einstaklinga batna við aukna virkni. Það hefur sýnt sig í starfinu hjá Birtu að þeir sem leggja sig fram og vilja ná árangri, stunda endurhæfinguna vel og nýta sér þau úrræði sem er í boði, þeim tekst það sem þeir ætla sér. Er það von forstöðumanns að Birta fái að halda áfram að vaxa og dafna og skila frá sér ánægðum einstaklingum aftur út í atvinnulífið, í áframhaldandi nám eða aukna virkni.

Selfossi, nóvember 2014

Sandra Guðmundsdóttir,
Forstöðumaður Birtu.